

- 27 4. Fyrir aldinsöft, limonaðisöft, litað sykurvatn með kjörnum og aðra slíka drykki og vökva, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjalds.
13. júní 5. Fyrir tóbaksvindla og tóbaksvindlinga, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
6. Fyrir kaffibæti og kaffilíki, $\frac{1}{3}$ aðflutningsgjalds.
7. Fyrir sætindi, svo sem brjóstsykur, karamellur, lakkrís og lakkrísörur, mótað sætt marsipan, sykraða ávexti, sætar brenndar mündlur, tyggigúmmí, átsúkkulaði, rjómasúkkulaði, mjólkursúkkulaði (nýmjólkursúkkulaði), undanrennu-súkkulaði, súkkulaðihúðað munngæti (t. d. kremsúkkulaði, krókantsúkkulaði, marsipansúkkulaði, núgatsúkkulaði og konfekt), ávaxtasúkkulaði, hnotsúkkulaði, mündlusúkkulaði, rjómasúkkulaðihúð og mjólkursúkkulaðihúð, kókos-bollur, „negrakossa“ og rjómalengjur, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.
8. Fyrir allar tegundir af hreinu súkkulaði, t. d. suðusúkkulaði, iðnsúkkulaði og súkkulaðihúð, aðrar en þær, sem falla undir 7. tölulið þessarar greinar, $\frac{1}{2}$ aðflutningsgjald.

Verði ágreiningur um það, hvaða vörur skuli taldar og ekki taldar til framangreindra tollflokka, fellir fjármálaráðherra um það fullnaðarúrskurð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

28

13. júní

L Ö G

um breyting á og viðauka við lög nr. 37 1929, um héraðsskóla.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallið á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Á eftir „Laugarvatn í Árnessýslu“ í 1. gr. laganna kemur: Reykjanesi í Norður-Ísafjarðarsýslu og Varmahlíð í Skagafirði.

2. gr.

Á eftir 1. málslíð 4. gr. laganna koma tveir nýir málslíðir, svo hljóðandi:

Í reglugerð fyrir héraðsskólann í Reykjanesi má kveða svo á, að námstíminn sé ekki yfir þrjú mánuði árlega, en þó skulu próf frá skólanum miðuð við, að nemendur hafi notið kennslu í sex mánuði. Undanþága þessi gildir þó aðeins til ársloka 1942.

3. gr.

28

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað, og er heimilt að greiða Reykjanesskóla þegar rekstrarstyrk fyrir skólaárið 1936—1937. 13. júní

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

29

um útrýmingu sels í Húnaósi. 13. júní

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru.

1. gr.

Veiðifélag Vatnsdalsár skal hafa einkarétt til að útrýma sel úr Húnaósi. Ræður stjórn félagsins mann eða menn til starfans.

2. gr.

Presturinn í Steinnesi fái bætur fyrir missi heimatekna vegna selveiði í Húnaósi. Ríkissjóður greiði bæturnar eins og þær eru metnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 13. júní 1937.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Hermann Jónasson.